


*Alþingi*  
*Erindi nr. P 143/552*  
*komudagur 5.12.2013*



## Öldrunarráð Íslands

DAS Hrafnista, Laugarási, 104 Reykjavík  
Sími: 585 9406 ■ hulda.helgadottir@hrafnista.is

Reykjavík, 5. desember 2013.

### UMSÖGN STJÓRNAR ÖLDRUNARRÁÐS ÍSLANDS

Nýlega sendi velferðarnefnd Alþingis stjórn Öldrunarráðs Íslands til umsagnar frumvarp til laga um málefni aldraðra (stjórn Framkvæmdasjóðs), 185. mál.

Í frumvarpinu er kynnt breyting á Samstarfsnefnd um málefni aldraða. Breytingin felur í sér að stjórn framkvæmdasjóðs aldraðra er tekin út úr samstarfsnefndinni þannig að skipuð er sérstök nefnd (ný nefnd) sem verður stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra.

Þessi breyting er góð og gild þó þar sé einn stór hængur á. Öldrunarráð Íslands hefur um árabíl átt öflugan fulltrúa í samstarfsnefnd um málefni aldraðra. Í frumvarpinu er hins vegar ekki gert ráð fyrir að Öldrunarráð eigi fulltrúa í nýrri stjórn framkvæmdasjóðsins. Þetta teljum við vera mikil mistök og afturför í málefnum aldraðra og engin rökstuðningur fylgir þessari breytingu.

Öldrunarráð Íslands eru regnhlífasamtök þeirra sem starfa að hagsmunum aldraðra hér á land. Að Öldrunarráði Íslands eiga því aðild samtök, félög, fyrirtæki og stofnanir, þar með talið sveitarfélög, sem vinna að málefnum aldraðra.

Markmið Öldrunarráðs Íslands er að vinna að bættum hag aldraðra. Í því mikla umbrotaumhverfi sem ríkt hefur á Íslandi á síðustu árum hefur hlutverk Öldrunarráðs Íslands sjaldan eða jafnvel aldrei verið mikilvægara en einmitt nú.

**Stjórn Öldrunarráðs Íslands hvetur félags- og húsnæðismálaráðherra, heilbrigðisráðherra, velferðarnefnd Alþingis og í raun þingmenn alla, til að breyta frumvarpinu á þann veg að Öldrunarráð Íslands eigi fulltrúa í nýrri stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra.** Þannig er tryggt að rödd Öldrunarráðs fái að heyrast áfram innan stjórnar Framkvæmdasjóðs aldraðra, íslensku samfélagi til heilla.

Stjórn Öldrunarráðs Íslands